

HEILBRIGÐISNEFND

Ár 2024, fimmtudaginn 17. október kl. 11:01, var haldinn 154. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birna Hafstein, Hjálmar Sveinsson, Oktavía Hrund Jóns, Sandra Hlíf Ocares, og fulltrúi frá samtaka atvinnulífsins, Ólafur Jónsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Tómas G. Gíslason, Guðjón Ingi Eggertsson, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir, Hreinn Ólafsson, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Helgi Guðjónsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Harpa Fönn Sigurjónsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram til afgreiðslu drög að fjárhagsáætlun 2025 fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Samþykkt. HER24010001
2. Lögð fram til afgreiðslu, drög að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir árið 2025. Samþykkt. HER24010001
3. Lögð fram til kynningar, drög að gjaldskrá Sorphirðu fyrir árið 2025. HER24010001
- Kl. 11:55 víkja Hreinn Ólafsson fjármálastjóri og Guðmundur Benedikt Friðriksson skrifstofustjóri af fundi.
4. Fram fer kynning á stöðu nýs tölvukerfis fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Sólveig Skaftadóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. HER24010001

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur leggur fram svohljóðandi bókun:

Heilbrigðisnefnd fagnar því hve vel vinna við kaup og innleiðingu á nýju tölvukerfi heilbrigðiseftirlitsins síðastliðna mánuði hefur gengið. Hefur sú vinna verið til fyrirmyndar og tilefni til þess að hrósa starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins og verkefnastjóra verkefnisins fyrir þá vinnu.

5. Lögð fram skipulagslýsing Borgarspítalareits, dags. maí 2024 þar sem farið er fram á umsagnarbeiðni í Skipulagsgátt, mál nr. 748/2024. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 30. september 2024. HER24010001
6. Lögð fram skipulagslýsing Kjalarness, Hrafnhóla, dags. 1. júlí 2024 þar sem farið er fram á umsagnarbeiðni í Skipulagsgátt, mál nr. 1035/2024. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 18. september 2024. HER24010001
7. Lögð fram lýsing Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, Kjalarnes og dreifbýl svæði, dags. júní 2024 þar sem farið er fram á umsagnarbeiðni í Skipulagsgátt, mál nr. 927/2024. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 30. september 2024. HER24010001
8. Lögð fram skipulagslýsing Safamýrar, Framsvæðis, dags. maí 2024 þar sem farið er fram á umsagnarbeiðni í Skipulagsgátt, mál nr. 747/2024. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 30. september 2024. HER24010001

9. Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 12. september 2024, 17. september 2024, 19. september 2024, 26. september 2024 og 3. október 2024. HER24010001

Fundi slitið kl. 12:23

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Birna Hafstein
Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns
Ólafur Jónsson

Hjálmar Sveinsson
Sandra Hlíf Ocares